

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Hlíðarás (Berustaðir 2 – land 1).

Um er að ræða nýtt deiliskipulag sem tekur til Hlíðarás, L207089. Um er að ræða landspildu sem er um 10 ha að stærð. Innan skipulagsáætlunar er lagt til að heimilt verði að skipta landinu í tvær lóðir. Hlíðarás 1 er um 7,5 ha, þar er heimil búseta og gert ráð fyrir byggingarreit og Hlíðarás 2 sem er um 2,5 ha að stærð, skilgreint sem beitarland. Innan deiliskipulags er gert ráð fyrir byggingarheimildum fyrir íbúðarhúsi á einni til tveimur hæðum, véla-, reið- og/eða tamningarskemmu, hesthúsi eða gripahúsi auk gestahúss.

Samþykkt í sveitarstjórn 17. maí 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 6. júní 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.